

ÁKVÖRDUN RÁÐSINS

frá 27. janúar 1997

um að taka upp gagnkvæm skipti á upplýsingum og gögnum frá netkerfum og einstökum stöðvum sem mæla loftmengun í aðildarríkjunum(*)

(97/101/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 130. gr. s,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt fimmtu aðgerðaáætlun Evrópubandalagsins á sviði umhverfismála⁽⁴⁾ skal safna grunngögnum um umhverfið og gera gögnin samrýmanlegri, sambærilegri og gagnsærri en áður.
- 2) Markmið og verkefni Umhverfisstofnunar Evrópu eru sett fram í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90 frá 7. maí 1990 um stofnun Umhverfisstofnunar Evrópu og evrópsks upplýsinga- og eftirlitskerfis á sviði umhverfismála⁽⁵⁾.
- 3) Nauðsynlegt er að ákveða með hvaða hætti skuli skipst á upplýsingum um loftgæði til að taka þátt í baráttunni gegn mengun og þeim óþægindum sem henni fylgja í þeim tilgangi að auka gæði lífs og umhverfis í öllu bandalaginu með því að fylgjast með þróun mála til langs tíma og þeim umbótum sem rekja má til löggjafar aðildarríkjanna og bandalagsins um baráttu gegn loftmengun.
- 4) Forðast ber endurtekningu í miðlun upplýsinga, einkum að því er varðar upplýsingar sem senda skal til Umhverfisstofnunar Evrópu og framkvæmdastjórnarinnar.

- 5) Að fenginni reynslu af skiptum á upplýsingum samkvæmt ákvörðun ráðsins 75/441/EBE frá 24. júní 1975 um að taka upp sameiginlega aðferð við upplýsingaskipti milli umsýningar- og eftirlitskerfa með hliðsjón af gögnum um loftmengun af völdum tiltekinna efnasambanda og svifryks⁽⁶⁾ og ákvörðun ráðsins 82/459/EBE frá 24. júní 1982 um að taka upp gagnkvæm skipti á upplýsingum og gögnum frá netkerfum og einstökum stöðvum sem mæla loftmengun í aðildarríkjunum⁽⁷⁾, er unnt að taka upp skipti á upplýsingum, sem eru ítarlegri og gefa betri mynd af ástandinu, með því að athuga fleiri mengunarefni og með því að bæta við netkerfum og einstökum stöðvum sem mæla loftmengun.

- 6) Rétt er að gera greinarmun á upplýsingum sem ávallt skal senda, einkum samkvæmt tilskipun ráðsins 96/62/EB frá 27. september 1996 um mat og stjórn á gæðum andrúmslofts⁽⁸⁾ (hér á eftir nefnd „loftgæðatilskipunin“), og upplýsingum sem skal senda ef þær eru tiltækar.

- 7) Upplýsingarnar, sem safnað er, verða að vera nægilega dæmigerðar til að unnt sé að kortleggja mengunarstig í öllu bandalaginu.

- 8) Notkun sameiginlegra viðmiðana við mat og úrvinnslu mæliniðurstaðna stuðla að því að gögnin, sem send eru, verði samrýmanlegri og sambærilegri.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Markmið

1. Hér með eru tekin upp gagnkvæm skipti á upplýsingum og gögnum frá netkerfum og einstökum stöðvum sem mæla loftmengun, hér á eftir nefnd „gagnkvæm skipti“. Þessi gagnkvæmu skipti skulu taka til:

- netkerfa og stöðva og skulu veittar ítarlegar upplýsingar sem í felst lýsing á netkerfum og stöðvum sem fylgjast með loftmengun í aðildarríkjunum,

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 35, 5.2.1997, bls. 14, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 97/98 frá 25. september 1998 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(1) Stjtið. EB nr. C 281, 7. 10. 1994, bls. 9.

(2) Stjtið. EB nr. C 110, 2. 5. 1995, bls. 3.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 16. júní 1995 (Stjtið. EB nr. C 166, 3. 7. 1995, bls. 177), sameiginleg afstaða ráðsins frá 26. febrúar 1996 (Stjtið. EB nr. C 219, 27. 7. 1996, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. september 1996 (Stjtið. EB nr. C 320, 28. 10. 1996, bls. 74).

(4) Stjtið. EB nr. C 138, 17. 5. 1993, bls. 5.

(5) Stjtið. EB nr. L 120, 11. 5. 1990, bls. 1.

(6) Stjtið. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 32. Ákvörðunin var felld úr gildi með ákvörðun 82/459/EBE (Stjtið. EB nr. L 210, 19. 7. 1982, bls. 1).

(7) Stjtið. EB nr. L 210, 19. 7. 1982, bls. 1.

(8) Stjtið. EB nr. L 296, 21. 11. 1996, bls. 55.

— mælinga stöðvanna á loftgæðum: skiptin taka til gagna sem reiknuð eru, í samræmi við 3. og 4. lið I. viðauka, út frá mælingum stöðva aðildarríkjanna á loftmengun.

2. Framkvæmdastjórnin og aðilarnir, sem um getur í 6. gr., skulu bera ábyrgð á framkvæmd þessara gagnkvæmu skipta. Til að nýta reynsluna, sem orðin er til hjá Umhverfisstofnun Evrópu og á verksviði hennar, skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við Umhverfisstofnunina, meðal annars að því er varðar starfrækslu og notkun upplýsingakerfisins.

2. gr.

Mengunarefni

1. Gagnkvæmu skiptin skulu taka til loftmengunarefnanna sem eru talin upp í I. viðauka við loftgæðatilskipunina.

2. Aðildarríkin skulu einnig, innan ramma gagnkvæmu skiptanna, skýra frá loftmengunarefnum sem eru talin upp í 2. lið I. viðauka, að því marki sem viðeigandi gögn eru tiltæk aðilunum sem um getur í 6. gr. og stöðugar mælingar fari fram í aðildarríkjunum.

3. gr.

Stöðvar

Gagnkvæmu skiptin, í skilningi 1. gr., skulu taka til stöðva:

— sem eru notaðar í tengslum við framkvæmd tilskipana sem hafa verið samþykktar í samræmi við 4. gr. loftgæðatilskipunarinnar,

— sem falla ekki undir tilskipanirnar sem um getur í fyrsta undirliði þessarar greinar en sem aðildarríkin munu velja í þessum tilgangi úr hópi þeirra innlendu stöðva, sem fyrir eru, til að meta styrk staðbundinnar mengunar að því er varðar mengunarefni sem eru talin upp í 2. lið I. viðauka og styrk svæðisbundinnar mengunar (svokallaðrar bakgrunnsmengunar) að því er varðar öll mengunarefni sem eru talin upp í I. viðauka,

— að því marki sem unnt er, sem tóku þátt í gagnkvæmum upplýsingaskiptum, sem tekin voru upp með ákvörðun 82/459/EBE, að því tilskildu að þær falli ekki undir annan undirlið þessarar greinar.

4. gr.

Umbeðnar upplýsingar um netkerfi og stöðvar

1. Upplýsingarnar, sem senda skal framkvæmdastjórninni, skulu varða eiginleika mælistöðvanna, mælibúnaðinn og verklagsreglur stöðvanna og formgerð og skipulagningu

netkerfanna sem þær tilheyra. Þessar upplýsingar skal senda framkvæmdastjórninni hafi hún ekki fengið þær í tengslum við gildandi lög um loftgæði. Í II. viðauka er tiltekið til leiðbeiningar hvaða upplýsinga er krafist. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr., tilgreina þær lágmarksupplýsingar sem aðildarríkin skulu senda.

2. Að því er viðvíkur stöðvum, sem um getur í fyrsta undirliði 3. gr., skal hefja gagnkvæmu skiptin um leið og lögin, sem um getur í 4. gr. loftgæðatilskipunarinnar, öðlast gildi.

3. Framkvæmdastjórnin skal, í síðasta lagi sex mánuðum eftir gildistöku þessarar ákvörðunar, sjá til þess að aðildarríkin fái aðgang að þeim gagnagrunni, sem fyrir er, með upplýsingum sem þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar hafa þegar safnað um efnid, auk hugbúnaðar til að unnt sé að nota hann og uppfæra. Aðildarríkin skulu leiðrétta upplýsingarnar, breyta þeim og/eða bæta við þær. Uppfærðu tölvuskrárnar skulu sendar framkvæmdastjórninni á öðru ári eftir að þessi ákvörðun tekur gildi og eigi síðar en 1. október.

Almenningur fær aðgang að upplýsingunum úr upplýsingakerfi sem Umhverfisstofnun Evrópu kemur á fót. Umhverfisstofnunin eða aðildarríkin geta einnig veitt þessar upplýsingar sé þess farið á leit.

4. Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 7. gr., skal framkvæmdastjórnin setja tæknireglur um miðlun upplýsinga, að teknu tilliti til ákvæða 2. mgr. 1. gr.

5. Þegar aðildarríkin hafa sent upplýsingar í fyrsta sinn skal framkvæmdastjórnin bæta þeim við gagnagrunn sinn og taka árlega saman tækniskýrslu um upplýsingarnar sem safnað hefur verið og tryggja aðildarríkjunum aðgang að uppfærða, samkeyrða gagnagrunninum eigi síðar en 1. júlí. Aðildarríkin skulu leiðrétta upplýsingarnar, breyta þeim og/eða bæta við þær. Uppfærðu tölvuskrárnar skulu sendar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 1. október.

5. gr.

Upplýsingar sem veita skal um gögn sem stöðvarnar safna saman

1. Láta ber framkvæmdastjórninni í té eftirfarandi niðurstöður:

a) gögn samkvæmt 3. og 4. lið I. viðauka vegna þeirra stöðva sem um getur í fyrsta undirliði 3. gr. og valdar eru samkvæmt viðmiðunum sem tilgreindar eru í tilskipunum sem samþykktar eru í samræmi við 4. gr. loftgæðatilskipunarinnar. Við val á þessum stöðvum skal tekið tillit til mismunandi ástands í hverju aðildarríki að því er varðar loftgæði;

b) að minnsta kosti árleg gögn samkvæmt 4. lið I. viðauka vegna allra annarra stöðva sem um getur í öðrum undirliði 3. gr.;

- c) gögn samkvæmt 3. og 4. lið I. viðauka vegna þeirra stöðva sem um getur í þriðja undirlið 3. gr.

Þessi gögn skal senda framkvæmdastjórnin hafi hún ekki fengið þau í tengslum við gildandi lög um loftgæði.

2. Aðildarríkin skulu bera ábyrgð á staðfestingu gagna sem eru send eða notuð til að reikna út gildi sem eru send í samræmi við almennu reglurnar sem settar eru fram í III. viðauka. Öll samantekt gagna og tölfræðilegur útreikningur aðildarríkis skal uppfylla viðmiðanir sem eru að minnsta kosti jafnstrangar og viðmiðanirnar í IV. viðauka.

3. Aðildarríkin skulu senda niðurstöðurnar fyrir almanaksárið eigi síðar en 1. október árið eftir; fyrsta sendingin skal vera fyrir almanaksárið 1997.

4. Aðildarríkin skulu, að því marki sem unnt er, senda framkvæmdastjórninni upplýsingar sem stöðvarnar, er tóku þátt í gagnkvæmum upplýsingaskiptum sem tekin voru upp með ákvörðun 82/459/EBE, söfnuðu frá 1. október 1989 til gildistöðudags þessarar ákvörðunar.

5. Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 7. gr., skal framkvæmdastjórnin setja tæknireglur um miðlun upplýsinga, að teknu tilliti til ákvæða 2. mgr. 1. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal bæta innsendum upplýsingum við gagnagrunn sinn og taka árlega saman tækniskýrslu um upplýsingarnar sem safnað hefur verið og tryggja aðildarríkjunum aðgang að uppfærða gagnagrunninum með „niðurstöðunum“.

Almenningur fær aðgang að upplýsingunum úr upplýsingakerfi sem Umhverfisstofnun Evrópu kemur á fót. Umhverfisstofnunin getur einnig veitt þessar upplýsingar sé þess farið á leit.

Hvort sem upplýsingarnar eru gerðar aðgengilegar, veittar eða settar fram í skýrslunni skulu þær eingöngu byggjast á staðfestum gögnum.

7. Framkvæmdastjórnin skal semja almenna skýrslu fyrir almenning, þar sem tekin eru saman þau gögn sem hefur verið safnað og gerð í stuttu máli grein fyrir horfum í loftgæðum í Evrópusambandinu.

8. Framkvæmdastjórnin skal, í samkomulagi við aðildarríkin, sjá til þess að alþjóðlegar stofnanir fái send valin gögn sem eru nauðsynleg í tengslum við ýmsar alþjóðlegar áætlanir.

6. gr.

Hvert aðildarríki skal tilnefna einn eða fleiri aðila til að sjá um að koma gagnkvæmu skiptunum í framkvæmd, og tilkynna það framkvæmdastjórninni án tafar.

7. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 12. gr. loftgæðatilskipunarinnar, setja nánari ákvæði um eftirfarandi, eftir því sem við á:

- undirbúning og uppfærslu verklagsreglna um flutning gagna og upplýsinga,
- tengsl við starfsemi Umhverfisstofnunar Evrópu í loftmengunarmálum,
- breytingar á 2., 3., og 4. lið I., II., III. og IV. viðauka,
- hvernig fella skuli nýja mælitækni inn í verklagsreglur um gagnkvæmu upplýsingaskiptin,
- rýmkun reglnanna þannig að gagnkvæm upplýsingaskipti ná til þriðju landa.

8. gr.

Eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þessarar ákvörðunar skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir ráðið um framkvæmd hennar. Með þessari skýrslu skulu fylgja hugsanlegar tillögur um breytingar á þessari ákvörðun sem framkvæmdastjórnin telur viðeigandi.

9. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 1997.

10. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. janúar 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

G. ZALM

forseti.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR MENGUNAREFNI, TÖLFRÆÐILEGAR FÆRIBREYTUR OG MÆLIEININGAR

1. Mengunarefni sem talin eru upp í I. viðauka við loftgæðatilskipunina
2. Mengunarefni sem eru ekki talin upp í I. viðauka við loftgæðatilskipunina:

CS ₂	koldísúlfíð
C ₆ H ₅ -CH ₃	tólúen
C ₆ H ₅ ·CH = CH ₂	stýren
CH ₂ = CH-CN	akrýlonítríl
HCHO	formaldehýð
C ₂ HCl ₃	tríklóretýlen
C ₂ Cl ₄	tetraklóretýlen
CH ₂ Cl ₂	díklórmetan
BaP	bensó(a)pýren
VC	vinýlklóríð
VOC (NM)	rokgjörn lífræn efnasambönd (án metans)
VOC (T)	rokgjörn lífræn efnasambönd (öll)
PAN	peroxýasetýlnítrat
NO _x	nituroxíð
N-ákoma	vot ákoma kófnunarefnis
S-ákoma	vot ákoma brennisteins
AD	súr ákoma
CH ₂ = CH-CH = CH ₂	bútadíen 1,3
H ₂ S	brennisteinsvetni
Cr	króm
Mn	mangan
NH ₃	ammóníak

3. Gögn, mælieiningar og meðaltímar				
	Mengunarefni		meðaltal fyrir	sett fram sem
1.	SO ₂	brennisteinsdíoxíð	24 klst.	jafngildi SO ₂
2.	AD	súr ákoma	1 mán.	
3.	SA	mjög súrt	24 klst.	
4.	SPM	svifryk (samtales)	24 klst.	
5.	PM10	svifryk (< 10 µm)	24 klst.	
6.	BS	sót	24 klst.	
7.	O ₃	óson	1 klst.	jafngildi NO ₂
8.	NO ₂	niturdíoxíð	1 klst.	
9.	NO _x	nituroxíð	1 klst.	
10.	CO	kolsýringur	1 klst.	
11.	H ₂ S	brennisteinsvetni	24 klst.	
12.	Pb	blý	24 klst.	
13.	Hg	kvikasilfur	24 klst.	
14.	Cd	kadmíum	24 klst.	

15.	Ni	nikkel	24 klst.	
		Mengunarefni	meðaltal fyrir	sett fram sem
16.	Cr	króm	24 klst.	
17.	Mn	mangan	24 klst.	
18.	As	arsen	24 klst.	
19.	CS ₂	koldísúlfíð	1 klst.	
20.	C ₆ H ₆	bensen	24 klst.	
21.	C ₆ H ₅ -CH ₃	tólúen	24 klst.	
22.	C ₆ H ₅ ·CH=CH ₂	stýren	24 klst.	
23.	CH ₂ =CH-C N	akrýlonítríl	24 klst.	
24.	CH ₂ =CH-CH=CH ₂	bútadíen 1,3	24 klst.	
25.	HCHO	formaldehýð	1 klst.	
26.	C ₂ HCl ₃	tríklóretýlen	24 klst.	
27.	C ₂ Cl ₄	tetraklóretýlen	24 klst.	
28.	CH ₂ Cl ₂	díklórmetan	24 klst.	
29.	BaP	bensó(a)pýren	24 klst.	
30.	PAH	fjölórómísk vetniskolefni	24 klst.	
31.	VC	vinýlklóríð	24 klst.	
32.	VOC (NM)	rokgjörn lífræn efnasambönd (án metans)	24 klst.	
33.	VOC (T)	rokgjörn lífræn efnasambönd (öll)	24 klst.	
34.	PAN	peroxýasetýlnítrat	1 klst.	
35.	NH ₃	ammóníak	24 klst.	
36.	N-ákoma	vot ákoma köfnunarefnis	1 mán.	jafngildi N
37.	S-ákoma	vot ákoma brennisteins	1 mán.	jafngildi S

4. Gögn sem eru reiknuð út á almanaksárinu og skulu send framkvæmdastjórninni:

- Vegna mengunarefna 1—35:
reiknað meðaltal, miðgildi, hundraðshlutaþáttur 98 (og hundraðshlutaþáttur 99,9 sem er valfrjálst að senda vegna mengunarefna sem reiknað er út meðaltal klukkustundar fyrir) og hámark, sem er reiknað út frá hrágögnum sem svara til þeirra tímabila sem mælt er með til útreiknings á meðaltali og gefin eru upp í töflunni hér á undan; fyrir mengunarefni 7 (óson) skal einnig reikna tölfraeðilegar færðibreytur út frá meðalgildum 8 klukkustunda;
- Vegna mengunarefna 2, 36 og 37:
reiknað meðaltal, reiknað út frá hrágögnum sem svara til þeirra tímabila sem mælt er með til útreiknings á meðaltali og gefin eru upp í töflunni hér á undan.

X-hundraðshlutaþáttur skal reiknað út frá gildum sem hafa í raun verið mæld. Öllum gildunum skal raðað eftir vaxandi stærð:

$$X_1 \leq X_2 \leq X_3 \leq \dots \leq X_k \leq \dots \leq X_N \leq X_N$$

Hundraðshlutaþáttur x er gildi k, reiknað með eftirfarandi formúlu:

$$k = (q \cdot N)$$

þar sem q jafngildir x/100 og N er fjöldi þeirra gilda sem hafa í raun verið mæld. Stærðin (q · N) skal hækkuð eða lækkuð í næstu heilu tölu.

Niðurstöðurnar eru settar fram í µg/m³ (við eftirfarandi hita- og þrýstingsskilyrði: 293°K og 101,3 kPa) nema að því er varðar mengunarefni 2, 36 og 37 þar sem niðurstöðurnar eru gefnar upp í g/m²

á ári.

II. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR UM NETKERFI, STÖÐVAR OG MÆLITÆKNI

Veita skal eins miklar upplýsingar og unnt er um eftirfarandi leiðbeinandi atriði:

I. UPPLÝSINGAR UM NETKERFI

- heiti,
- skammstöfun,
- landfræðilegt umfang (staðbundinn iðnaður, bær/borg, þéttbýli/borgarsvæði, sýsla, hérað, allt landið),
- aðili sem annast stjórn netkerfsins
 - heiti,
 - nafn ábyrgðarmanns,
 - póstfang,
 - síma-og bréfasímanúmer,
- tímatilvísun (heimstími (GMT), staðartími).

II. UPPLÝSINGAR UM STÖÐVAR

1. Almennar upplýsingar

- heiti,
- tilvísunarnúmer eða -kóði,
- heiti tæknaðila sem annast stöðina (ef hann er annar en sá sem annast netkerfið),
- tegund stöðvar
 - umferð,
 - iðnaður,
 - bakgrunnur,
- notkun stöðvar (staðbundin, fyrir landið allt, samkvæmt ESB-tilskipunum, vegna alþjóðlega umhverfiseftirlitsins (GEMS: Global Environment Monitoring System), vegna Efnahags-og framfarastofnunar Evrópu (OECD), vegna Evrópusamstarfs um mælingar og eftirlit með loftmengun (EMEP: European Monitoring and Evaluation of Pollutants) ...),
- landfræðileg hnit,
- hæð yfir sjávarmáli,
- hagskýrslusvæðaflokkun (NUTS) III,
- mæld mengunarefni,
- mældar veðurfæribreytur,
- aðrar viðeigandi upplýsingar, ríkjandi vindátt, hlutfallið milli fjarlægðar frá nálægum hindrunum og hæðar þeirra.

2. Umhverfi staðarins/landslagsgerð

- tegund svæðis
 - þéttbýli,
 - úthverfi,
 - dreifbýli,
- Einkenni svæðis
 - íbúahverfi,
 - fyrirtæki,
 - iðnaður,
 - landbúnaður,
 - náttúrulegt umhverfi,
- Fjöldi íbúa á svæðinu.

3. Helstu mengunarpptök

- almenningsorkuveitur, samnýting á raforku—og hitaveitu, hitaveitur,
- brennsla í fyrirtækjum, stofnunum og íbúðarhúsum,
- brennsla í iðnaði,

- framleiðsluferli,
- nám og dreifing jarðefnaeldsneytis,
- notkun leysiefna,
- flutningar á vegum,
- önnur hreyfanleg mengunarpptök og vinnuvélar (ótilgreint),
- meðhöndlun og förgun úrgangs,
- landbúnaður,
- náttúran.

4. Einkenni umferðar

(aðeins fyrir stöðvar sem miðast við umferð)

- breið gata með
 - mikilli umferð (meira en 10 000 ökutæki á dag),
 - meðalumferð (milli 2 000 og 10 000 ökutæki á dag),
 - lítilli umferð (minna en 2 000 ökutæki á dag),
- þröng gata með
 - mikilli umferð (meira en 10 000 ökutæki á dag),
 - meðalumferð (milli 2 000 og 10 000 ökutæki á dag),
 - lítilli umferð (minna en 2 000 ökutæki á dag),
- gata sem liggur í skeringu með
 - mikilli umferð (meira en 10 000 ökutæki á dag),
 - meðalumferð (milli 2 000 og 10 000 ökutæki á dag),
 - lítilli umferð (minna en 2 000 ökutæki á dag),
- hraðbraut með
 - mikilli umferð (meira en 10 000 ökutæki á dag),
 - meðalumferð (milli 2 000 og 10 000 ökutæki á dag),
 - lítilli umferð (minna en 2 000 ökutæki á dag),
- annað: gatnamót, götuljós, bílastæði, viðkomustaðir strætisvagna, leigubílastæði ...

III. UPPLÝSINGAR UM MÆLITÆKNI

- búnaður
 - heiti,
 - greiningaraðferð,
- einkenni sýnatöku,
 - staðsetning sýnatökustaðar (á framhlið byggingar, gangstétt, við gangstéttarbrún, í húsagarði),
 - hæð sýnatökustaðar,
 - lengd sýnatökurörs,
 - heildunartími niðurstöðu,
 - sýnatökutími,
- kvörðun
 - tegund: vélræn, handunnin, vélræn og handunnin,

- aðferð,
- tíðni.

III. VIÐAUKI

AÐFERÐ VIÐ STAÐFESTINGU GAGNA OG GÆÐAKÓÐAR

1. Staðfestingaraðferð

Með staðfestingaraðferðinni skal:

- taka meðal annars tillit til truflana vegna viðhalds, kvörðunar eða tæknivandamála, mælinga utan mælisviðs og gagna sem gefa til kynna órör sveiflur, svo sem óvenjumikið fall eða ris. Einnig skal endurskoða gögnin á grundvelli viðmiðana sem byggjast á þekkingu á áhrifum loftslags og veðurs sem eru sérkennandi fyrir viðkomandi stað á mælitímabilinu, og
- vera unnt að greina rangar mælingar með aðferðum á borð við samanburð við fyrri mánuði og við önnur mengunarefni og með greiningu á staðalfráviki.

Einnig skal rannsaka og sannprófa staðfestingarlistann sem saminn er við skráningu gagnanna.

2. Gæðakóðar

Öll innsend gögn teljast staðfest nema þau séu merkt með kóðunum T eða N sem eru skilgreindir svo:

- *T-kóði:* gögn sem hafa ekki (eða hafa enn ekki) fengið staðfestingu samkvæmt staðfestingaraðferðinni sem er tilgreind í 1. lið.

- *N-kóði:* gögn sem hafa verið flokkuð sem röng eða vafasöm samkvæmt staðfestingaraðferðinni sem er tilgreind í 1. lið.

IV. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR FYRIR SAMANTEKT GAGNA OG ÚTREIKNING Á TÖLFRÆÐILEGUM FÆRIBREYTTUM

a) Samantekt gagna

Viðmiðanir fyrir útreikning klukkustundar- og sólarhringsgilda út frá gögnum með styttri meðaltíma eru:

- fyrir klukkustundargildi: að minnsta kosti 75% staðfesta gagna;
- fyrir sólarhringsgildi: meira en 50% staðfesta klukkustundargilda og ekki meira en 25% af mæligildum í röð sem hafa ekki verið staðfest (N-kóði).

b) Útreikningur á tölfræðilegum færíbreyttum

- fyrir meðal— og miðgildi: meira en 50% staðfesta gagna;
- fyrir hundraðshlutamörkin 98, 99,9 og hámark: meira en 75% staðfesta gagna.

Hlutfallið milli fjölda staðfesta gagna fyrir viðkomandi tvær árstíðir getur ekki verið hærra en 2, þar eða árstíðirnar tvær skulu vera vetur (frá janúar til mars, að báðum mánuðum meðtöldum, og frá október til desember, að báðum mánuðum meðtöldum) og sumar (frá apríl til september, að báðum mánuðum meðtöldum).